



25. apríl 2018
1804038

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 422. mál.

Með tölvupósti, dags. 12. apríl 2018, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er varðar endurbótaáætlun, tímanleg inngríp, eftirlit á samstæðugrunni, eftirlitsheimildir o.fl. (422. mál á 148. löggjafarþingi).

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, aðallega til að innleiða í íslenskan rétt hluta tilskipunar 2014/59/ESB um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (hér eftir „BRRD tilskipunin“) en einnig nokkur ákvæði tilskipunar 2013/36/ESB um stofnun og starfsemi fjármálafyrirtækja og varfærniseftirlit með þeim, sem og nokkur ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja. Sá hluti sem innleiddur verður með samþykkt frumvarpsins nær til endurbótaáætlana, tímanlegra inngripa og fjárstuðnings innan samstæðu, en í öllum tilfellum er um að ræða þætti er lúta að eftirliti og aðgerðum Fjármálaeftirlitsins.

Opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi hér á landi er að mestu í höndum Fjármálaeftirlitsins en Seðlabanki Íslands fer með reglusetningu og eftirlit með gjaldeyrisjöfnuði, lausafjárhlutfalli og stöðugri fjármögnun lánastofnana í samræmi við lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, en eitt markmiða bankans samkvæmt þeim er að stuðla að fjármálastöðugleika. Seðlabankinn hefur einnig hlutverki að gegna sem lánveitandi til þrautavara.

Helstu markmið BRRD tilskipunarinnar eru annars vegar að tryggja að stjórnvöld hafi nauðsynlegar valdheimildir til inngripa í rekstur fjármálafyrirtækja ef þau lenda í erfiðleikum eða áföllum svo hægt sé að leysa úr fjármálaáföllum án þess að fjármálakerfinu og fjármálastöðugleika sé ógnað og hins vegar að lágmarka kostnað skattgreiðenda vegna skilameðferðar fjármálafyrirtækja sem fara í greiðsluþrot. Í þessu ljósi og eðli máls samkvæmt er mjög mikilvægt að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands vinni náið saman ef grípa þarf til aðgerða sem byggja á heimildum BRRD tilskipunarinnar. Hvor stofnun um sig þarf að tilkynna hinni eins fljótt og auðið er ef upp koma mál eða ef grípa þarf til aðgerða sem varða hina stofnunina. Hér getur verið um mjög viðkvæm og

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

erfið mál að ræða og tryggt þarf að vera að bæði Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn séu ávallt vel upplýst ef erfiðleikar steðja að á fjármálamarkaði og að allar viðeigandi upplýsingar séu aðgengilegar og tiltækar hjá hvorri stofnun fyrir sig.

Í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, og lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, er kveðið á um gagnkvæma upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins og bankans og í sérstökum samstarfssamningi þeirra er nánar fjallað um framkvæmd á samstarfi þeirra. Upplýsingaskyldan afmarkast hins vegar við *mat* hvorrar stofnunar um sig á því að upplýsingar nýtist í starfsemi hinnar. Seðlabankinn telur því mikilvægt að í texta frumvarpsins eru skýr og fortakslaus ákvæði um gagnkvæma upplýsingaskyldu Fjármálaeftirlitsins og bankans. Mikilvægt er að skylda til miðlunar upplýsinga sé eins fyrirvaralaus og unnt er þannig að það sé ekki háð mati hverju sinni hvort upplýsingaskylda sé til staðar.

Til samræmis við framangreint eru í 5. gr. b. (*Mat á endurbótaáætlun*), 5. gr. f. (*Vísar í endurbótaáætlun*), 7. gr. a. (*Tímanleg inngríp Fjármálaeftirlitsins*), 12. gr. b. (*Staðfesting samnings*) og 12. gr. e. (*Ákvörðun um fjárstuðning*) ákvæði um upplýsingaskyldu og/eða samráð Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Í öllum tilfellum er mikilvægt að hvor stofnun upplýsi og/eða eigi samráð við hina ef um er að ræða stöðu eða atburði er tengjast starfsemi og eftirliti hennar. Seðlabankinn telur að framsetning kröfunnar um upplýsingaskyldu og/eða samráð sé skýr og leggur áherslu á að frumvarpið verði að lögum í óbreyttri mynd.

Seðlabanki Íslands gerir því ekki athugasemdir við efni frumvarpsins og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Harpa Jónsdóttir
framkvæmdastjóri